



Til umsagnar 81. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

From Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>

Date Wed 2025-10-15 15:32

15. október 2025

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög \(fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn\), 81. mál](#)

Umsagnir skal senda í gegnum **umsagnagátt Alþingis**: umsagnir.althingi.is.

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 29. október nk**.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls í samræmi við [starfsreglur fastanefnda](#).

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Nefndadeild

563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)



Til umsagnar 153, mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

From Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>

Date Mon 2025-10-13 11:08

13. október 2025

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða \(veiðistjórn grásleppu\), 153. mál](#)

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum **umsagnagátt Alþingis**: umsagnir.althingi.is.

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 27. október nk**.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls.

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Nefndadeild

563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)



Innviðaráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík

Flóahreppi, 13. október 2025

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Vísað er til tilkynningar stjórnvalda, dags. 22. september sl., þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 180/2025 - „Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 128/2011”

Sveitarfélagið Flóahreppur telur marga þætti við endurskoðun laganna góða og gilda og styðja við markmið um skýrara lagaumhverfi, ábyrga fjármálastjórnun og eflingu lýðræðis og gagnsæis í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps vill þó koma nokkrum athugasemdum á framfæri sem að mati sveitarstjórnar brýtur m.a. í bága við stjórnarskrá og snýr það fyrst og fremst að atriðum frumvarpsins er varða sameiningar sveitarfélaga og valdheimildir ráðherra.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 kemur skýrt fram í 78. grein að sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Í 1. grein sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 er svo kveðið á um sjálfstjórn sveitarfélaga og að sveitarfélög ráði sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Í 2. grein sömu laga er kveðið á um að ráðherra sveitarstjórnarmála skulu gæta að og virða sjálfstjórn sveitarfélaganna, verkefni þeirra og fjárhag og að engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skuli ráðið til lykta án umfjöllunar sveitarstjórnarinnar.

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði úr stjórnarskrá og sveitarstjórnarlögum hyggst ráðherra sveitarstjórnarmála (innviðaráðherra) taka sjálfstjórn sveitarfélaga úr þeirra höndum með stórum breytingum á sveitarstjórnarlögum en á sama tíma er ekki ætlunin að gera breytingar á 1. og 2. grein þar sem skýrt er kveðið á um sjálfstjórn sveitarfélaga og það að ráðherra gæti að því að sjálfstjórn sveitarfélaga sé virt.

Það er varasöm breyting að okkar mati að leggja til að einungis **10% kosningabærra íbúa í sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa** geti krafist þess að sveitarfélag hefji sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög innan þriggja mánaða frá því sveitarstjórn tekur ákvörðun um hefja ekki sameiningarviðræður. Miðað við hvernig þessi breyting er sett upp að þá getur 10% kosningabærra íbúa í einu sveitarfélagi bundið hendur tveggja eða fleiri sveitarfélaga með því að krefja þau um að fara í sameiningarviðræður.

Ákvæðið felur í sér að íbúar sveitarfélags geta lagt talsverðar skyldur á önnur sveitarfélög með því að gera þeim að fara í sameiningarviðræður. Ákvæðið gengur gegn sjálfstjórnarrétti þess



sveitarfélags sem krafa íbúa beinist að og er þannig skyldað til sameiningarviðræðna og gegn lýðræðislegum rétti íbúa þess.

Gerð er athugasemd við það að ráðherra geti haft frumkvæði að sameiningum sveitarfélaga sem hafa færri en 250 íbúa. Slíkt fer í berhögg við sjálfstjórnarrétt viðkomandi sveitarfélaga og aðliggjandi sveitarfélaga sem þannig yrði skylduð til sameiningar, óháð vilja íbúa með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og þeirrar sveitarstjórnar sem þeir kjósa sér. Þá verður að telja tímaramma sem gefinn er í lögnum óraunhæfan.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir athugasemdir frá Bláskógabyggð er varðar 51. gr. enda á það sömuleiðis við Flóahrepp. Sú grein snýr að byggðasamlögum sveitarfélaga:

Umsögn Bláskógabyggðar:

„Umtalsverðar breytingar eru lagðar til er varðar byggðasamlög sveitarfélaga. Gangi breytingarnar eftir er nauðsynlegt að veita rúman aðlögunartíma. Í ákvæðinu er tekið fram að byggðasamlög séu sérstök stjórnvöld á sveitarstjórnarstigi. Mörg dæmi eru um byggðasamlög sem varla geta talist til stjórnvalda, í tilviki byggðasamlaga sem Bláskógabyggð á aðild að má t.d. nefnd Tónlistarskóla Árnesinga og Listasafn Árnesinga.

Ákvæði um að allir kjörni fulltrúar aðildarsveitarfélaga eigi atkvæðarétt á aðalfundi byggðasamlags verður klárlega þungt í vöfum og kostnaðarsamt. Álitamál er hvort þessi leið sé nauðsynleg til þess að auka gagnsæi og tryggja aðkomu kjörinna fulltrúa. Verður þetta að teljast nokkuð viðurhlutamikið, t.d. ef horft er til þess til samanburðar að í nefndum sveitarfélaga, sem fara með málaflökka sem snúa að nærþjónustu við íbúa sitja gjarnan aðeins þrír, fimm eða sjö fulltrúar. Hið lýðræðislega kerfi sem sveitarfélögin byggja á er fulltrúakerfi og hlýtur það að geta gilt alla leið, einnig um starfsemi sem fer fram innan byggðasamlaga.

Sú heimild sem gert er ráð fyrir að verði lögfest varðandi almenna atkvæðagreiðslu í aðildarsveitarfélögum um kjör fulltrúa í fulltrúaráð þarfnast nánari skýringa. Ekki verður séð af gögnum málsins hvort gert er ráð fyrir að aðrir en sveitarstjórnarfulltrúar séu kjörgengir í slíkri almennri atkvæðagreiðslu.

Ákvæði frumvarpsins um kostnaðarskiptingu sem byggja skuli á raunkostnaði þarfnast frekari útskýringar. Dæmi sem tekin eru í greinargerðinni um mögulegar leiðir til kostnaðarskiptingar eru afar einföld miðað við raunverulega framkvæmd verkefna og þyrfti að skoða þann þátt betur með aðilum sem hafa reynslu af kostnaðarskiptingu byggðasamlaga og setja fram raunhæf dæmi. Áhrif á byggðasamlög og samvinnuverkefni sveitarfélaga af þessu ákvæði koma til með að verða mikil og er galli á frumvarpinu að ekki er leitast við að meta þau áhrif. Þá fylgir ekki kostnaðarmat með frumvarpinu hvað þetta atriði varðar, en ljóst er að umtalsverður kostnaður mun fylgja



því að reikna í hörgul raunkostnað við öll verkefni byggðasamlaga og að ráðgjafar- og endurskoðunarfyrtæki geta séð fram á umtalsverða vinnu við þetta verkefni.

Í kafla 3.6. í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um ýmis ákvæði sem stuðla að sameiningum sveitarfélaga, þ.e. að ekkert sveitarfélag hafi íbúafjölda undir 1.000. Í undirkafla 3.6.3. er raunkostnaðarreglan nefnd sem eitt þeirra ákvæða sem miða að því að ná þessu markmiði. Stefna ráðuneytisins virðist því vera sú að gera sveitarfélögum það erfitt fyrir og kostnaðarsamt að reka starfsemi á formi byggðasamlaga og ýta þeim með því út í sameiningar. Í því sambandi er rétt að horfa til þess að rík hefð er fyrir því að sveitarfélög reki ýmsa starfsemi á þessu formi og á það jafnt við um stærstu sveitarfélög landsins og þau minni. Jafnvel Reykjavíkurborg og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru aðilar að byggðasamlögum. Stærstu sveitarfélögin í hverjum landshluta eru aðilar að byggðasamlögum og er það ekki vegna þess að þau kjósi að taka á sig kostnað vegna fámennari sveitarfélaganna, heldur vegna þess að þau sjá sér hag í slíku samstarfi. Dæmi eru um að ríkisvaldið hefur gert kröfu um samstarf sveitarfélaga, sem verður þá gjarnan á formi byggðasamlaga. Má þar nefna flutning á málefnum fatlaðs fólks til sveitarfélaganna, þar sem gerð var krafa um 8.000 manna þjónustusvæði, og ákvæði um lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu, 6.000 manns, sem kallar á byggðasamlög eða samstarfssamninga. Það er aðeins á skjön við þetta að torvelda sveitarfélögum samstarf innan byggðasamlaga og gera það óþarflega flókið og kostnaðarsamt. Almennt verður að telja að sveitarfélögin séu sjálf best til þess fallin að semja um hvaða viðmið þau styðjast við um skiptingu kostnaðar vegna samstarfsverkefna, hvort sem er í byggðasamlögum eða öðru samstarfi. Þá er það líklega einsdæmi að kveðið verði á um það í lögum að sveitarfélögum sem standa saman að byggðasamlagi eða hafa gert með sér samstarfssamning verði gert skylt að hlíta niðurstöðum ráðgjafa heldur hljóti sveitarfélögin að verða að meta slíka ráðgjöf á eigin forsendum."

Í þessum drögum að breytingum hyggst ráðherra taka sér það vald að geta kafið sveitarfélög sem eru með íbúafjölda lægri en 250 1. janúar ár hvert til að sameiningar. Hér er augljóslega verið að ganga á sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga skv. Stjórnarskrá.

Sveitarfélagið Flóahreppur mótmælir harðlega ákvæðum frumvarpsins sem fela í sér að ráðherra geti haft frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga með færri en 250 íbúa og ákveðið slíka sameiningu. Flóahreppur telur að í öllu falli skuli ákvörðun um sameiningu sveitarfélaga vera í höndum íbúa og sveitarstjórna, í samræmi við núgildandi sveitarstjórnarlög.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar Flóahrepps
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Hulda Kristjánsdóttir

From: no-reply@island.is
Sent: fimmtudagur, 16. október 2025 12:01
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Samráðsgátt - Umsögn móttækin í máli nr. 194/2025: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011

Ágæti viðtakandi.

Umsögn þín um mál nr. 194/2025, „Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011“, hefur verið móttækin.

Að umsagnarfresti liðnum verður unnið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast og niðurstöður samráðsins birtar í gáttinni. Hér er hægt er að gerast áskrifandi að málinu og fá tilkynningu þegar niðurstöður hafa verið birtar.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar.](#)

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Innviðaráðuneytið

Sölvhóls götu 7

101 Reykjavík

Netfang: irn@irn.is

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011.

Það er mat Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps að þessi drög að breytingum á reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011 geti haft verulega íþyngjandi afleiðingar fyrir búrekstur bænda og annan atvinnurekstur sem reiðir sig á notkun dráttarvéla.

Bændur yrðu upp til hópa að afla sér aukinna ökuréttinda með ærnum kostnaði auk þess sem aðgengi þeirra að árstíðabundnu vinnuafli yrðu skorður settar. Þátttaka vana og fjölskildumeðlima við bústörf á annatímum yrði meira og minna úr sögunni. Rekstur verktakaþjónustu í landbúnaði yrði einnig sniðinn þrengri stakkur þar sem kröfur um aukin réttindi og hækkuð aldursviðmið myndu minnka aðgengi að hæfu vinnuafli.

Þessar breytingar gætu haft neikvæðar afleiðingar á starfssemi sveitarfélagsins sem reiðir sig á þjónustu verktaka við sjómokstur og fleiri störf. Eins gæti reynst snúnara að ráða fólk til starfa við slátt á lóðum yfir sumartímann.

Það er sýnt að ef þessi breyting á fram að ganga þyrfti að stórauka aðgengi að ökunámi við hæfi til anna eftirspurn en rétt er að benda á að námsframboð til aukinna ökuréttinda er ekki ótakmarkað, námskeið misþétt og geta ökukennara og þeirra sem sinna próftöku takmörkuð.

Það er álit nefndarinnar að þessar breytingar geti haft verulega slæm áhrif á atvinnurekstur í sveitarfélaginu og biðjum því ráðherra að taka tillit til ofangreindra athugasemda.

F.h. Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

Áskorun til innviðaráðherra
(fundur á hótél Hilton Nodica 2. október 2025)

Sameiginlegur fundur sveitarfélaga með íbúa færri en 1.000 skorar á innviðaráðherra að draga til baka tillögu innviðaráðuneytis um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarfélögin fordæma þá vegferð stjórnvalda að svipta íbúa fámennustu sveitarfélaga landsins réttinum til að taka ákvörðun um tilvist sveitarfélags síns með því að fyrirskipa sameiningar. Með þessu er helgasti réttur sveitarstjórnarstigsins, íbúalýðræðið, afnuminn og valtað yfir ákvörðunarvald sveitarfélaga, ekki aðeins hinna minnstu, heldur einnig þeirra sveitarfélaga sem þeim verður uppálagt að sameinast. Verði ráðherra veitt vald til þess að hlutast til um sameiningu sveitarfélaga með þessum hætti er gerður að engu sá réttur íbúa til þess að kjósa sér fulltrúa til þess að fara með umboð og málefni viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða skref sem grefur undan lýðræði og hlutverki kjörinna fulltrúa.

Sveitarfélögin sem að þessari áskorun standa mótmæla harðlega þessum frumvarpsdrögum þar sem þau svipta sveitarfélög sjálfsákvörðunarrétti sínum og íbúa lýðræðislegum réttindum.

Frumvarpið sýnir mikla óvirðingu við íbúa minni sveitarfélaga og ópolinmæði gagnvart þróun sem er í gangi. En nokkur af fámennustu sveitarfélögunum hafa þegar sameinast eða samþykkt sameiningu, s.s. Akrahreppur, Skagahreppur, Svalbarðshreppur og Skorradalshreppur. Önnur eiga í viðræðum á misjöfnu stigi og getur frumvarpið haft afar neikvæð áhrif á anda þeirra viðræðna og mögulegra sameininga.

Undirritað og afgreitt í sveitarstjórnnum 6.- 9. október 2025.

Sveitarfélag:		
1 Flóahreppur	Árni Eiríksson	oddviti
2 Langesbyggð	Sigurður Þór Guðmundsson	oddviti
3 Fljótsdalshreppur	Jóhann F. Þórhallsson	oddviti
4 Grýtubakkahreppur	Gísli Gunnar Oddgeirsson	oddviti
5 Skeiða og Gnúpverjahreppur	Haraldur Þór Jónsson	oddviti
6 Árneshreppur	Eva Sigbjörnsdóttir	oddviti
7 Tjörneshreppur	Aðalsteinn J. Halldórsson	oddviti
8 Svalbarðsstrandahreppur	Anna Karen Úlfarsdóttir	oddviti
9 Kjósahreppur	Jóhanna Hreinsdóttir	oddviti
10 Vopnafjarðahreppur	Axel Örn Sveinbjörnsson	oddviti
11 Grímsnes og Grafningshreppur	Ása Valdís Árnadóttir	oddviti
12 Ásahrepps	Ísleifur Jónasson	oddviti
13 Skagaströnd	Halldór Gunnar Ólafsson	oddviti
14 Súðavíkurbhreppur	Bragi Thoroddsen	sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar
15 Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson	oddviti
16 Skaftárhreppur	Jóhannes Gissurason	oddviti
17 Hrunamannahreppur	Jón Bjarnason	oddviti
18 Hörgársveit	Axel Grettisson	oddviti
19 Reykhólahreppur	Ólafur Þór Ólafsson	sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar



Kvennaverkfall 50 ára

From Auður Önnu Magnúsdóttir <audur@krfi.is>

Date Mon 2025-10-06 11:19

To Tatjana <tatjana@krfi.is>; Sara Stef Hildar <sarastef@gmail.com>

Kæru sveitafélög á Íslandi,

Þann 24. október 2025 verða 50 ár liðin frá sögulegum Kvennafrídegi þar sem 90% íslenskra kvenna lögðu niður störf sín, launuð og ólaunuð til að mótmæla kynbundnum launamun og ólaunaðri vinnu kvenna. Að þessu tilefni hafa á sjötta tug samtaka kvenna, femínista, hinsegin fólks og fatlaðs fólks lýst árið 2025 Kvennaár. Kröfurgerð var send á stjórnvöld þann 24. október í fyrra og má lesa kröfurnar á síðunni Kvennaar.is.

Á Kvennaári hafa ótal margir aðilar og aðstandendur staðið fyrir viðburðum, gjörningum, herferðum og öðrum húllumhæi til að minna á að jafnrétti hefur ekki verið náð í svokallaðri jafnréttisparadís. Á næstu vikum verður mikið um dýrðir og margt að gerast um allt land en hægt er að fylgjast með á vefsíðu Kvennaárs hvaða viðburðir/atburðir eru á döfinni. Rétt er að benda á skemmtilegt verkefni bókasafna um allt land sem vilja efla læsi á stöðu og baráttu kvenna í aðdragandanum að 24. október, en nánar er hægt að lesa um verkefnið á síðu þess <https://borgarbokasafn.is/laesi-stodu-og-barattu-kvenna>

Okkur langar til að hvetja ykkur hjá sveitafélaginu til að leggja ykkar af mörkum til að minnast 50 ára afmælis kvennafrídagsins og styðja við þá viðburði sem eru í gangi að þessu tilefni í ykkar sveitafélagi sem og að gera konum og kvárum sem starfa hjá sveitafélaginu kleift að taka þátt í Kvennaverkfalli þann 24. október 2025.

f.h. framkvæmdastjórnar Kvennaárs 2025

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

Auður Önnu Magnúsdóttir
Framkvæmdastýra/General manager
Kvenréttindafélag Íslands/Icelandic Women's Rights Association
Túngötu 14, 101 Reykjavík
Tel: +354 5518156
www.kvenrettindafelag.is



Hulda Kristjánsdóttir

From: Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
Sent: fimmtudagur, 16. október 2025 15:21
To: Samband íslenskra sveitarfélaga
Subject: Kvennaverkfall

Til sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Samtök kvenna, launafólks og fl. hagsmunahópar hafa boðað til samstöðufunda undir yfirskriftinni kvennaverkfall, föstudaginn 24. október nk.

Samband íslenskra sveitarfélaga beinir þeim tilmælum til stjórnenda sveitarfélaga að þeir komi til móts við konur og kvár, þar sem því verður við komið og skapi eftir bestu getu aðstæður á starfsstað og í starfsemi til að sem flest komist á boðaða samstöðufundi. Í þeim tilvikum þar sem það er ekki hægt, starfseminnar vegna, er þeim tilmælum beint til stjórnenda að þeir leiti leiða til að konur og kvár geti með öðrum hætti sýnt samstöðu.

Áréttað er að ekki er um eiginlegt verkfall að ræða þar sem um verkföll gilda sérstök lög og reglur og að ákvörðun um vinnutíma starfsfólks og ábyrgð á starfsemi er á forræði hlutaðeigandi forstöðumanns.

Af þessu tilefni hafa opinberir vinnuveitendur sammælt um eftirfarandi leiðbeiningar til stjórnenda:

Stjórnendur í samráði við starfsfólk eru beðnir um að leggja sig fram við að skapa aðstæður til að gera konum og kvárum mögulegt að taka þátt í skipulagðri dagskrá 24. október nk. Skipulag þetta verður að taka mið af því að nauðsynlegustu almannajónustu sé sinnt og fjarvera þ.a.l. háð samþykki stjórnanda.

Ekki verður litið á fjarvistir kvenna og kvára vegna þátttöku í skipulagðri dagskrá, með samþykki stjórnanda, sem óréttmætar né verði dregið af launum vegna þeirra.

Með góðri kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga
Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel.: (+354) 515 4900
www.samband.is / samband@samband.is
[Lagalegur fyrirvari](#) / [Legal Disclaimer](#)



Byggðaráðstefnan 2025: 4. nóvember í Skjólbrekku í Mývatnssveit

From Anna Lilja Pétursdóttir <annalilja@byggdastofnun.is>

Date Mon 2025-10-06 14:24

Cc Hanna Dóra Björnsdóttir <hannadora@byggdastofnun.is>

Góðan daginn!

Vek athygli á **Byggðaráðstefnunni 2025** sem haldin verður þriðjudaginn 4. nóvember 2025 í Skjólbrekku í Mývatnssveit. Ráðstefnan á erindi við þig. [Skráning hér!](#)

Yfirskrift ráðstefnunnar og viðfangsefni er **Félagslegur fjölbreytileiki samfélaga, jafnvægi, áskoranir eða vannýtt sóknarfæri?** Undanfarin ár hefur íbúum með erlent ríkisfang fjölgað verulega í öllum landshlutum, mismikið eftir svæðum. Er vöxtur samfélaga í jafnvægi? Eru áskoranir? Eða vannýtt sóknarfæri? Fram koma sjónarmið þeirra sem vinna að rannsóknum og stefnumótun á þessu sviði sem og annarra sem vinna á vettvangi um stöðu og þróun byggða, [sjá dagskrá!](#)

Það er von skipuleggjenda að ráðstefnan verði vel sótt og verði til þess að auðga umræðu um búsetu og byggðapróun. Ráðstefnan á erindi við sveitarstjórnarfólk, fulltrúa atvinnulífs, stefnumótendur og aðra sem starfa eða sinna rannsóknum á vettvangi byggðamála. Einnig verður hægt að fylgjast með í streymi.

Byggðaráðstefnur eru haldnar annað hvert ár á vegum Byggðastofnunar. Tilgangur þeirra er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðapróun með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Áherslur byggðaráðstefnu hafa verið á tiltekinn málaflokk hverju sinni, síðast var yfirskriftin „Búsetufrelsi?“ Upplýsingar um byggðaráðstefnur má sjá á [vef Byggðastofnunar](#).

Að ráðstefnunni 2025 standa Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samband sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, í samvinnu við Þingeyjarsveit.

Það má gjarnan áframsenda og deila upplýsingum um byggðaráðstefnuna!

Við hlökkum til að sjá ykkur! Skráningarfrestur er til og með 27. október.



Fyrir hönd undirbúningshóps byggðaráðstefnu,

Anna Lilja Pétursdóttir

Sérfræðingur á þróunarsviði / Specialist in Development Division

Sími/Tel +354 455 5400

Byggðastofnun / Icelandic Regional Development Institute

Sauðármýri 2, 550 Sauðárkrókur

www.byggdastofnun.is | [Fyrirvari/Disclaimer](#)



BYGGÐASTOFNUN



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

Hugaðu að umhverfinu áður en þú prentar – Please consider the environment before printing



Vegir og hleðslustöðvar

From Erna Bára Hreinsdóttir - VG <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>

Date Mon 2025-10-13 09:04

To radhus@reykjavik.is <radhus@reykjavik.is>; kopavogur@kopavogur.is <kopavogur@kopavogur.is>; postur@seltjarnarnes.is <postur@seltjarnarnes.is>; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; mos@mos.is <mos@mos.is>; oddviti@kjos.is <oddviti@kjos.is>; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; grindavik@grindavik.is <grindavik@grindavik.is>; skrifstofa@vogur.is <skrifstofa@vogur.is>; afgreidsla@sudurnesjabaer.is <afgreidsla@sudurnesjabaer.is>; akranes@akranes.is <akranes@akranes.is>; skorradalur@skorradalur.is <skorradalur@skorradalur.is>; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; borgarbyggd@borgarbyggd.is <borgarbyggd@borgarbyggd.is>; grundarfjordur@grundarfjordur.is <grundarfjordur@grundarfjordur.is>; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>; snb@snb.is <snb@snb.is>; stykkisholmur@stykkisholmur.is <stykkisholmur@stykkisholmur.is>; dalir@dalir.is <dalir@dalir.is>; bolungarvik@bolungarvik.is <bolungarvik@bolungarvik.is>

Cc Guðmundur Valur Guðmundsson - VG <gudmundur.v.gudmundsson@vegagerdin.is>; Hólmfríður Bjarnadóttir - VG <holmfridur.bjarnadottir@vegagerdin.is>; samband@samband.is <samband@samband.is>

Berist til sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa.

Undanfarin ár hefur hleðslustöðvum við þjóðvegi fjölgað til muna og er það vel þar sem mikilvægt er að veita vegfarendum góða þjónustu.

Í því sambandi vill Vegagerðin minna á að um hleðslustöðvar gilda sömu reglur og um aðrar framkvæmdir við vegi.

Veghelgunarsvæði er 30 m að breidd til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Innan veghelgunarsvæða má ekki framkvæma nema að fengnu samþykki Vegagerðarinnar. Það á einnig við um nýjar tengingar við þjóðvegi eða breytta landnotkun sem nýtir fyrirbyggjandi tengingar. Þannig má t.d. ekki ganga að því sem vísu að leyfi fáið til að nýta eldri túntengingu til að tengja nýja hleðslustöð við þjóðveg. Upplýsingar um hvaða vegir eru í umsjá Vegagerðarinnar má nálgast hér: <https://www.vegagerdin.is/verkefni/framkvaemdir/kortasja>

Mikilvægt er að umferðaröryggi sé eins gott og kostur er á og að allar framkvæmdir miði að því að auka umferðaröryggi á vegum.

Jafnframt er því hér með komið á framfæri að Innviðaráðuneytið hefur nýlega falið Vegagerðinni að annast skipulag og uppbyggingu á skilvirku neti nýorkuinnviða fyrir samgöngur, þar á meðal fyrir þyngri ökutæki, á landsvísu. Haft verður samráð við viðkomandi sveitarfélög vegna frekari skipulagsvinnu þegar þessari vinnu vindur fram.

Auk formlegs samráðs er velkomið að senda tölvupósta eða hafa samband eftir öðrum leiðum.

Kveðja,
Erna



Erna Bára Hreinsdóttir

forstöðumaður skipulagsdeildar
Head of Planning Department

ebh@vegagerdin.is
[+354 522 1021](tel:+3545221021)

**FW: Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar - dagskrá og skráning**

From Sólveig Gísladóttir - VG <solveig.gisladdottir@vegagerdin.is>

Date Thu 2025-10-09 14:21

To Sólveig Gísladóttir - VG <solveig.gisladdottir@vegagerdin.is>

📎 1 attachment (2 MB)

Vegagerðin_2025 okt_Rannsóknaradstefna_dagskra_A4.pdf;

Góðan daginn

Gætuð þið komið þessari frétt á framfæri til þeirra sem gætu haft áhuga á málefnum?

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 7. nóvember

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2025 verður haldin í 24. sinn föstudaginn 7. nóvember á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut, kl. 09.00-16.30. Dagskráin er fjölbreytt og endurspeglar það hið margháttaða rannsókn- og þróunarstarf sem styrkt er af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Dagskránná má finna hér í viðhengi.

Hlekkur á skráningu

- Fimmtán rannsóknarverkefni verða til umfjöllunar.
- Ráðstefnan hefur alla jafna verið fjölsótt af starfsfólki Vegagerðarinnar, starfsfólki ráðgjafa- og verkfræðistofa, verktaka og almenns áhugafólks um samgöngur og rannsóknir.
- Í fyrra sóttu ráðstefnuna hátt í 300 manns.
- Styrkur rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar liggur í því að styrkja verkefni á mjög breiðu fræðasviði þar sem ekki er endilega einblínt á hefðbundna vegagerð. Verkefni falla þó undir fjóra almenna flokka sem eru: mannvirki, umferð, umhverfi og samfélag.
- Ráðstefnustjóri verður Hólmfríður Bjarnadóttir, forstöðukona umhverfis- og sjálfbærnideildar Vegagerðarinnar.

Með góðri kveðju

**Sólveig Gísladóttir**

Sérfræðingur á samskiptadeild
Communications Officer

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

sogi@vegagerdin.is
[+354 522 1008](tel:+3545221008)
[+354 695 4943](tel:+3546954943)

Suðurláun 3, 210 Garðabær
vegagerdin.is

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum



Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2025

Hilton Reykjavík Nordica, 7. nóvember



	Ráðstefnustjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir, forstöðukona umhverfis- og sjálfbærniðildar		
09:00	Setning ráðstefnu <i>Guðmundur Valur Guðmundsson, framkvæmdastjóri þróunarviðs, Vegagerðin</i>	13:30	Búsetuóskir og val á ferðamáta – ákvörðun um flutning til þéttbýlisstaða í jaðri vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins í tilviki Selfoss <i>Margrét Þóra Sæmundsdóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands</i>
09:05	Markviss uppbygging á rannsóknarumhverfi mannvirkjagerðar <i>Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri sviðs mannvirkja og sjálfbærni, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun</i>	13:45	Nýting nýrrar tækni í vetrarþjónustu - samnorðent rannsóknarverkefni <i>Einar Pálsson, Vegagerðin</i>
09:30	Sementsefjustyrkt malbiksslítag <i>Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir, EFLA</i>	14:00	Samanburður á hávaðavísnum og reikniaðferðum fyrir umferðarhávaða <i>Kristín Ómarsdóttir, Brekke & Strand Akustikk</i>
09:45	Þróun þjálbiks með viðnámi gegn sumarblæðingum <i>Björk Úlfarsdóttir, Colas Ísland</i>	14:15	Fyrirspurnir
10:00	Umhverfisvæn brúarsteypa <i>Gísli Guðmundsson, Tæknisetur</i>	14:30	Kaffihlé
10:15	Kaffihlé og veggspjaldasýning	15:00	Áhrif loftslags á vegakerfið - helstu áhættur og áskoranir <i>Anna Margrét Sigurbergsdóttir og Andrea Bergþórsdóttir, Vegagerðin</i>
10:45	Tilraun á brú yfir Steinavötn <i>Dórótea Sigurðardóttir, Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands</i>	15:15	Jarðlagaskipan höfuðborgarsvæðisins - þrívítt líkan <i>Ögmundur Erlendsson, ÍSOR</i>
11:00	Hermanir á vindafari - dæmi af Kjalamesi <i>Örn Dúi Kristjánsson, EFLA</i>	15:30	Strandlínubreytingar á Suðurlandi <i>Ingibjörg Jónsdóttir, Jarðvísindadeild Háskóla Íslands</i>
11:15	Vegveðurlíkan fyrir Ísland <i>Ólafur Rögnvaldsson, Belgíngur</i>	15:45	Áhrif brúa- og ræsagerðar á búsvæði ferskvatns-lífvera og ferðir ferskvatnsfiska - best practice og leiðbeiningar <i>Bjarni Jónsson, Lífandi Náttúra</i>
11:30	Fyrirspurnir	16:00	Fyrirspurnir
11:45	Hádegismatur	16:15	Ráðstefnuslit <i>Ólafur Sveinn Haraldsson, forstöðumaður rannsóknadeilda Vegagerðarinnar</i> Léttar veitingar
13:00	Framúrakstursreinar á Hringveginum milli Reykjavíkur og Akureyrar <i>Agnes Inga Eyjólfsson og Bjarni Viðarsson, Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar</i>		
13:15	Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu - mæling á ferðatíma með Google Maps <i>Sigríður Lilja Skúladóttir, Vegagerðin</i>		

Glærur, ágrip fyrirlestra og veggspjöld verður að finna á vef Vegagerðarinnar að ráðstefnu lokinni.

Erling Pétursson
Vatnsholti 1
801 Selfoss

Selfossi
16.10.2025

**Efni: Varðar umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Vatnsholti 1 D
(L232033) í Flóahreppi**

Vegagerðinni barst umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Vatnsholti 1 D, L232033, í Flóahreppi, dags. 10.05.2021.

Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, þar sem fram kemur að:

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

Í umsókninni kemur fram að sótt er um héraðsveg á grundvelli þess að skilyrði laganna um býli, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna sé uppfyllt og fylgdu eftirfarandi gögn því til stuðnings:

- Vottorð Þjóðskrár um lögheimilisskráningu
- Staðfesting sveitarfélags á fastri búsetu
- Uppdráttur af staðsetningu vegar
- Staðfest samþykki landeigenda jarðar sem vegur liggur um að hann verði tekinn inn sem héraðsvegur

Með bréfi dags. 7. október 2021 var umsóknin samþykkt. Einnig kom fram að eftir vettvangsskoðun hafi Vegagerðin áætlað kostnað vegna vegarins alls 3,2 mkr. og að Vegagerðin greiði helming af kostnaði vegna vegarins. Vegagerðin áskildi sér þó rétt til að hafna greiðslu skv. framlögðum reikningum ef fjárhæð þeirra væri umfram kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Var tekið fram að uppgjör skyldi þá fara fram á grundvelli framlagðrar kostnaðaráætlunar Vegagerðarinnar nema sýnt væri fram á að með fullnægjandi hætti að umfram kostnaður hafi verið óhjákvæmilegur. Líkt og fram kom í samþykki umsóknarinnar fer endurgreiðsla helmingis kostnaðar í fyrsta lagi fram þegar fengist hefur fjárveiting til verksins innan Vegagerðarinnar. Dráttur á endurgreiðslu kostnaðar frestar þó ekki færslu vegarins inn á vegaskrá. Að loknu verki skyldi verkið tekið út af hálfu Vegagerðarinnar og væri það forsenda fyrir því að vegur verði færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Starfsmaður Vegagerðarinnar fór í lokaúttekt á vettvang dags. 01.10.2025 og samkvæmt úttektinni er vegurinn að lóð Vatnsholt 1-D (Bæjarholt), tilbúinn með malarslitalagi, nær 4 m breidd og er frágenginn. Ákveðið hefur verið að fallast á beiðni um nýjan héraðsveg að bænum Vatnsholti 1 D L232033, í Flóahreppi í samræmi við ástand vegar.

Niðurstaða: Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Vatnsholti 1 D L232033, í Flóahreppi, hefur verið samþykkt og verður vegurinn færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Þegar öll skilyrði endurgreiðslu eru uppfyllt og fjárheimild er fyrir hendi fær umsækjandi upplýsingar sendar á netfangið vatnsholt1@gmail.com um verknúmer til að setja á reikning til að senda Vegagerðinni fyrir samþykktu kostnaðarhlutdeild.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent á sveitarfélagið: floahreppur@floahreppur.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Elín Fjóra Þórarinsdóttir
Sérfræðingur tæknideild

Rafræn undirskrift

Síða 2/2

Vegagerðin



Ráðstefna ungmennaráða sveitarfélaga og tengd verkefni – mikilvægar dagsetningar og upplýsingar

From Ingimar Guðmundsson <ingimar.gudmundsson@samband.is>

Date Mon 2025-10-13 09:53

1 attachment (173 KB)

Upplýsingapóstur - Ráðstefna ungmennaráða sveitarfélaga.pdf;

Eftirfarandi tölvupóstur er sendur á starfsfólk ungmennaráða sveitarfélaga, sveitastjóra og/eða aðra aðila sem hafa yfirsýn með ungmennaráðum sveitarfélaga.

Sæl öll,

Eins og farið var yfir á kynningarfundum með ykkur flestum, þá hafði ég tilkynnt að mikið efni myndi berast frá mér á næstu vikum. Í stað þess að senda það í mörgum póstum, ákváðum við að sjóða það saman í einn hnitmiðaðan og aðgengilegan upplýsingapóst sem auðvelt er að vinna með næstu vikurnar.

Í viðhenginu (PDF skja) er að finna:

- Upplýsingar um ráðstefnu ungmennaráða þann **5. desember**
- Hlekkir á skráningarform, spurningalista og nytsamlegt efni.

Mikilvægar dagsetningar:

- **17. október:** Forskráningu á ráðstefnu þarf að vera lokið
- **24. október:** Spurningalisti um kortlagningu ungmennaráða þarf að vera svarað og áhugasamir aðilar skrá sig í faghóp/sprettihóp
- **31. október:** Síðasti dagur til að skila inn ábendingum/óskum – ef þið þurfið auka svigrúm, endilega heyrið í mér

Allir hlekkir eru aðgengilegir í PDF-skjalinu sem fylgir með póstinum.

Ef þið misstuð af kynningarfundum og viljið fá ítarlegri upplýsingar, endilega heyrið í mér og við finnum tíma til að heyrast. [Glærurnar frá síðasta fundi má nálgast hér.](#)

Í lok október/byrjun nóvember stefni ég á að halda annan fund. Nánari dagsetning og tímasetning verður auglýst síðar.

Ég vona innilega að einhver ykkar sjáið ykkur fært að skrá ykkur/taka þátt í smá faghóp/sprettihóp í tengslum við þessi spennandi verkefni sem við erum að vinna. Hópurinn fer af stað um leið og einhver skráir sig til leiks.



Ingimar Guðmundsson

Sérfræðingur • Stjórnsýslusvið

Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900 • www.samband.is • thjonusta@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)



Framlag ríkisins 2025 vegna barna með fjölþættan vanda - Upplýsingar um áætlaðan kostnað vegna langvarandi vistunar utan heimilis - 2,2 milljarðar

From Þór Hauksson Reykdal <thor.reykdal@mrn.is>

Date Thu 2025-10-16 10:07

To kopavogur@kopavogur.is <kopavogur@kopavogur.is>; vesturbyggd@vesturbyggd.is <vesturbyggd@vesturbyggd.is>; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; felahun@felahun.is <felahun@felahun.is>; postur@seltjarnarnes.is <postur@seltjarnarnes.is>; gardabaer@gardabaer.is <gardabaer@gardabaer.is>; afgreidsla@hornafjordur.is <afgreidsla@hornafjordur.is>; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is <dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is>; skagafjordur@skagafjordur.is <skagafjordur@skagafjordur.is>; bolungarvik@bolungarvik.is <bolungarvik@bolungarvik.is>; akureyri@akureyri.is <akureyri@akureyri.is>; afgreidsla@sudurnesjabaer.is <afgreidsla@sudurnesjabaer.is>; strandabyggd@strandabyggd.is <strandabyggd@strandabyggd.is>; fjallabyggd@fjallabyggd.is <fjallabyggd@fjallabyggd.is>; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; nordurthing@nordurthing.is <nordurthing@nordurthing.is>; borgarbyggd@borgarbyggd.is <borgarbyggd@borgarbyggd.is>; skrifstofa@hunathing.is <skrifstofa@hunathing.is>; postur@vestmannaeyjar.is <postur@vestmannaeyjar.is>; fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is <fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is>

Cc Karólína Gunnarsdóttir <karolina@akureyri.is>; Rannveig Einarsdóttir <rannveig.einarsdottir@reykjavik.is>; Sigurbjörg Fjölfnisdóttir <sigurbjorgf@mos.is>; anny@arnestthing.is <anny@arnestthing.is>; magnusarnar@vesturbyggd.is <magnusarnar@vesturbyggd.is>; baldur <baldur@seltjarnarnes.is>; erlabjorg@borgarbyggd.is <erlabjorg@borgarbyggd.is>; erna@hveragerdi.is <erna@hveragerdi.is>; eyrun@dalvik.is <eyrun@dalvik.is>; Félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar <felagsmalastjori@hvalfjardarsveit.is>; bryndislilja@skagafjordur.is <bryndislilja@skagafjordur.is>; gudlaugg@hafnarfjordur.is <gudlaugg@hafnarfjordur.is>; Guðný Hildur Magnúsdóttir <gudnyhildur@bolungarvik.is>; gudrun@sandgerdi.is <gudrun@sandgerdi.is>; Heiða Ösp Kristjánsdóttir <heidaosp@arborg.is>; Hera Ósk Einarsdóttir <hera.o.einarsdottir@reykjanesbaer.is>; Hildigunnur Árnadóttir <hildigunnur@akranes.is>; bjarkey@fjallabyggd.is <bjarkey@fjallabyggd.is>; hlifh@strandabyggd.is <hlifh@strandabyggd.is>; ingveldur@fssf.is <ingveldur@fssf.is>

📎 1 attachment (668 KB)

Framlag ríkisins 2025 vegna barna með fjölþættan vanda.pdf;

Góðan dag.

Þann 19. mars sl. var undirritað samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölþættan vanda.

Með samkomulaginu skuldbatt ríkið sig til þess að auka hið árlega framlag til sveitarfélaga fyrir tímabilið 1. júní – 31. desember 2025 um 1,7 milljarð kr. vegna kostnaðar sem fellur til við vistun barna með fjölþættan vanda utan heimilis. Heildarframlag ríkisins verður því 2,2 milljarðar kr. fyrir árið 2025.

Um er að ræða börn með mikla þjónustubörf sem hafa flókna og samsetta röskun í tauga- og vitsmunabroska og/eða tengslavanda, frá því snemma í bernsku, sem m.a. getur leitt til alvarlegra hegðunarvandkvæða og geðrænna einkenna og eru hættuleg sjálfum sér og öðrum. Einnig geta fallið undir skilgreininguna börn sem þurfa mikla og viðvarandi þriðja stigs þjónustu á vegum barnaverndarkerfisins vegna vanrækslu og/eða ofbeldis.

Framlaginu verður útteilt til sveitarfélaga frá mennta- og barnamálaráðuneyti í lok árs 2025 vegna barna sem hafa fengið staðfestingu á vistun utan heimilis af sérfræðingateyminu, sem starfrækt er á

grundvelli 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Til að fá yfirsýn yfir áætlaðan heildarkostnað sveitarfélaga vegna vistunarkostnaðar á árinu 2025 er óskað eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað vegna barna sem falla undir ofangreint.

Frestur til að skila upplýsingum um áætlaðan kostnað er **26. október 2025**. Upplýsingar skulu sendar rafrænt á netfangið: mrn@mrn.is (með Cc á thor.reykdal@mrn.is).

Sjá nánar í meðfylgjandi bréfi.

Ef einhverjar spurningar vakna ekki hika við að senda mér línu eða bjalla.

Með góðri kveðju,



Þór Hauksson Reykdal, verkefnastjóri / Project Manager
Mennta- og barnamálaráðuneyti / Ministry of Education and Children
Borgartúni 33, 105 Reykjavík, Iceland
GSM: 6610 112
www.mrn.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Framlag vegna barna með fjölpættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og eru vistuð utan heimilis á árinu 2025.

Þann 19. mars 2025 var undirritað samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölpættan vanda.

Með samkomulaginu skuldbatt ríkið sig til þess að auka hið árlega framlag til sveitarfélaga fyrir tímabilið 1. júní – 31. desember 2025 um 1,7 milljarð kr. vegna kostnaðar sem fellur til við vistun barna með fjölpættan vanda utan heimilis. Heildarframlag ríkisins vegna 2025 verður því 2,2 milljarðar kr.

Um er að ræða börn með mikla þjónustubörf sem hafa flókna og samsetta röskun í tauga- og vitsmunabroska og/eða tengslavanda, frá því snemma í bernsku, sem m.a. getur leitt til alvarlegra hegðunarvandkvæða og geðrænna einkenna, og í ákveðnum tilfellum vímuefnavanda. Einnig geta fallið undir skilgreininguna börn sem þurfa mikla og viðvarandi þriðja stigs þjónustu á vegum barnaverndarkerfisins vegna vanrækslu og/eða ofbeldis.

Framlaginu verður útdeilt til sveitarfélaga frá mennta- og barnamálaráðuneyti í lok árs 2025 vegna barna sem hafa fengið staðfestingu á vistun utan heimilis af sérfræðingateyminu, sem starfrækt er á grundvelli 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Nánari uppl. um teymið er hægt að finna hér:

<https://island.is/s/bofs/serfraedingateymi-vegna-barna-med-alvarlegar-throska-og-gedraskanir>

Mikilvægt er að gögn til teymisins séu skýr og innihaldi öll aðalatriði máls.

Til að fá yfirsýn yfir áætlaðan heildarkostnað sveitarfélaga vegna vistunarkostnaðar á árinu 2025 er óskað eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað vegna barna sem falla undir ofangreint.

Frestur til að skila upplýsingum um áætlaðan kostnað er 26. október 2025. Upplýsingar skulu sendar rafrænt á netfangið: mrn@mrn.is (með Cc á thor.reykdal@mrn.is).

Upplýsingar sem þurfa að fylgja vegna barna yngri en 18 ára sem sérfræðingateymið hefur staðfest*¹ að hafi þurft vistun utan heimilis 2025:

Áætlaður kostnaður vegna vistunar 2025 fyrir hvert barn merkt SIS númeri barns eða fyrstu sex tölum í kennitölu:

- Launakostnaður.
- Annar sundurliðaður kostnaður.
- Samtals heildar vistunarkostnaður.

Um er að ræða einskiptisaðgerð vegna ársins 2025.

Á grundvelli samkomulagsins mun ríkið eigi síðar en 1. janúar 2026 taka ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölpættan vanda sem þarfnast búsetu utan heimils, og hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi. Sveitarfélög munu áfram bera ábyrgð á lögbundinni þjónustu við börn með fjölpættan vanda og skuldbinda sig til að tryggja að fyrir hendi séu úrræði á fyrsta og öðru stigi.

Næstu mánuði verður haft samráð við hvert og eitt sveitarfélag vegna búsetu barna árið 2026.

*¹ Einnig vegna barna sem eru komin eða á leið í umsóknarferli hjá sérfræðingateyminu vegna ársins 2025.

Tónlistarskóli Árnesinga sjötugur - Hátíðartónleikar Laugarvatni 15. nóvember

From Helga Sighvatsdóttir <helga@tonar.is>

Date Thu 2025-10-16 13:43

To blaskogabyggd@blaskogabyggd.is <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; hruni@fludir.is <hruni@fludir.is>; gogg@gogg.is <gogg@gogg.is>; skeidgnup@skeidgnup.is <skeidgnup@skeidgnup.is>; Sveitarstjóri Flóahrepps <floahrepps@floahrepps.is>; radhus@arborg.is <radhus@arborg.is>; olfus@olfus.is <olfus@olfus.is>; hve@hveragerdi.is <hve@hveragerdi.is>

Cc Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga <StjornTonlistarskolaarnesinga@tonar.is>

 1 attachment (224 KB)

Boðsbréf til sveitarstjórna.pdf;

Kæra sveitarstjórnarfolk, bæjar- og sveitarstjórar

Meðfylgjandi er boðsbréf á afmælis-hátíðartónleika Tónlistarskóla Árnesinga sem haldnir verða í íþróttahúsinu Laugarvatni þann 15. nóvember kl. 14:00.

Tílefnið er sjötíu ára afmæli tónlistarskólans, sem settur var í fyrsta sinn 25. október 1955.

Við hlökkum til að taka á móti gestum okkar og vonumst til að sjá sem flesta.

Bestu kveðjur,

Helga Sighvatsdóttir

skólastjóri

861 9687



Eyravegi 9, 800 Selfossi

Sími: 482 1717

Netfang: tonar@tonar.is

Veffang: www.tonar.is



1955 - 2025



Boðsbréf

Í tilefni af 70 ára afmæli tónlistarskólans
væri það okkur sönn ánægja ef þú sæir þér fært að hlýða á
hátíðartónleika Tónlistarskóla Árnesinga
í íþróttahúsinu á Laugarvatni
laugardaginn 15. nóvember kl. 14:00

Á hátíðartónleikunum koma fram nemendur og kennarar allra
hljóðfæra- og söngdeilda, með fjölbreytta og vandaða dagskrá.
Gestir verða leikskólabörn úr Uppsveitum og Flóa.

Aðgangur er ókeypis

Verið öll hjartanlega velkomin!

Starfsfólk Tónlistarskóla Árnesinga

Hulda Kristjánsdóttir

From: Linda Laufdal <linda@isi.is>
Sent: fimmtudagur, 16. október 2025 15:25
Subject: Syndum - landsátak í sundi, hefst 1. nóvember nk.
Attachments: Syndum 2025, enska.jpg; Syndum 2025.jpg; Syndum plakat A3.jpg; Syndum poster A3, enska.jpg; Syndum, story, enska.jpg; Syndum, story.jpg; F. samf.miðla.JPG; Syndum.jpg

Til sveitarfélaga

Góðan dag

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við [Sundsamband Íslands](#) stendur fyrir landsátaki í sundi frá 1. - 30. nóvember 2025.

Það væri gaman ef að þið væruð til í að auglýsa verkefnið á ykkar miðlum og deila efni af samfélagsmiðlareikningum Syndum. Syndum er á Facebook og Instagram. Meðfylgjandi er markaðsefni (plakat, myndir f. samfélagsmiðla og logo Syndum).

Ef þið búið til pósta á ykkar samfélagsmiðlum þá væri gaman að merkja efnið með @syndum @isiiceland @sundsambandislands @beactiveiceland eða #beactive #syndum

Um Syndum

Syndum er heilsu- og hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Markmiðið með Syndum er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess. Á síðasta ári syntu þátttakendur samtals 31.271km, eða um 24 hringi í kringum landið. Það væri gaman að sjá sem flestar sundlaugar taka þátt.

Í fyrra voru skólar og sundfélög einnig sérstaklega hvött til þátttöku og svo verður einnig í ár.

Syndum - Landsátak í sundi, er framhald af Íþróttaviku Evrópu, sem varð 10 ára í ár, og er verkefni styrkt af European Commission. Markmið [Íþróttaviku Evrópu](#) er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna þannig við auknu hreyfingarleysi meðal almennings.

Það er margt sem við getum gert til að bæta og viðhalda líkama og sál og allt telur. Íslendingar hafa verið duglegir að stunda sund enda búum við vel að góðum sundlaugum um allt land. Sund er fyrir alla, óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi og er tilvalin þjálfunaraðferð sem styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans en er einnig frábær og skemmtileg tómstundaiðja sem öll fjölskyldan getur stundað saman.

Syndum saman í kringum Ísland. Allir skráðir sundmetrar safnast saman og verða sýnilegir á forsiðu www.syndum.is

Til þess að taka þátt þarf að skrá sig inn á www.syndum.is og fara í [Mínar skráningar](#). Einfalt er að velja sér notendanafn og lykilorð og skrá synta metra. Þeir sem eiga notendanafn úr [Lífshlaupinu](#) eða [Hjólað í vinnuna](#) geta notað það til að skrá sig inn.

[Skráningarblaðið](#) er hugsað fyrir þá sem geta ekki notað tölvu til skráningar á metrum, en auðveldast er að starfsfólk sundlauga skrái samtöluna inn í kerfið t.d vikulega.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband í gegnum syndum@isi.is eða linda@isi.is

Kær kveðja

Linda Laufdal

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands / The National Olympic and Sports Association of Iceland

Sérfræðingur – Fræðslu- og almenninguþróttasviðs

(+354) 514 4000 / (+354) 8430645

www.isi.is

